



## Fundur háskólaráðs 19. október 2006

### Fundargerð

Málsnúmer: HI06010052  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Margrét Ludwig  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 13.10.2006  
Dags: 19.10.2006

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

13/2006

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2006, fimmtudaginn 19. október var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Guðmundur Jónsson (varamaður Birnu Arnbjörnsdóttur), Helgi Þorbergsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Ólafur Þ. Harðarson, Reynir Jóhannesson (varamaður Ernu Kristínar Blöndal), Rúnar Vilhjálmsson, Sigurrós Eiðsdóttir og Þórdís Kristmundsdóttir. Matthías Páll Imsland boðaði forföll. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og hún samþykkt.

### 1. Mál á dagskrá

#### 1.1 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Skipulag sameiginlegrar stjórnsýslu Háskólans.

##### a. Tillaga rektors um endurskoðað skipulag sameiginlegrar stjórnsýslu.

Rektor gerði grein fyrir framlagðri tillögu sinni um endurskoðað skipulag sameiginlegrar stjórnsýslu í tengslum við stefnu Háskóla Íslands 2006-2011. Málið var rætt og lýstu fulltrúar í háskólaráði ánægju sinni með nýja skipulagið.  
- Samþykkt einróma.

##### b. Tillaga um breytingu á 10. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands sem fjallar um sameiginlega stjórnsýslu skólans.

Rektor skýrði framlagða tillögu að breytingu á 10. gr. reglna nr. 458/2000 um Háskóla Íslands til samræmis við breytt skipulag sameiginlegrar stjórnsýslu. Málið var rætt.  
- Samþykkt einróma.

#### 1.2 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Endurskoðun skora- og deildaskiptingar. Staða mála.

Rektor og Ólafur Þ. Harðarson, varaforseti háskólaráðs og formaður nefndar um endurskoðun á deilda- og skoraskiptingu Háskóla Íslands, gerðu rækilega grein fyrir fyrstu hugmyndum nefndarinnar. Málið var rætt ítarlega og nefndinni falið að vinnu tillögurnar áfram að teknu tilliti til sjónarmiða ráðsins.

#### 1.3 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Endurskoðun ráðningarferlis akademískra starfsmanna o.fl.

Rektor skýrði frá stöðu málsins og verður það áfram á dagskrá næsta fundar

háskólaráðs.

**1.4 Umsögn Háskólans um eftirtalin drög að reglum og viðmiðum sem menntamálaráðherra mun setja á næstunni á grundvelli laga um háskóla nr. 63/2006:**

- Reglur um viðurkenningu háskóla (3. gr. laganna)
- Formleg viðmið um æðri menntun og prófgráður (5. gr.)
- Reglur um doktorsnám í háskólum (7. gr.)

Inn á fundinn kom Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Háskólans, og gerði grein fyrir málinu og framlögðum gögnum. Málið var rætt ítarlega og komu fram nokkrar ábendingar um atriði sem betur mega fara í umsögn Háskólans.

- Samþykkt einróma að gengið verði frá umsögn Háskóla Íslands með hliðsjón af framkomnum ábendingum.

## **2. Erindi til háskólaráðs**

**2.1 Beiðni hjúkrunarfræðideildar um breytingu á fyrri ákvörðun háskólaráðs frá 25. janúar sl., um fjölda þeirra sem fá rétt til að hefja nám á vormisseri 1. árs háskólaárið 2006-2007, að loknum samkeppnisprófum í desember 2006.**

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega. Svohljóðandi bókun var samþykkt:

- Háskólaráð samþykkir að verða við ósk hjúkrunarfræðideildar um að fjölga nemendum sem fá rétt til að hefja nám á vormisseri 1. námsárs háskólaárið 2006-2007 úr 80 í 105 að loknum samkeppnisprófum í desember 2006. Fyrir liggur að Landspítali - háskólasjúkrahús (LSH) getur, í samvinnu við hjúkrunarfræðideild, veitt nauðsynlega aðstöðu og viðunandi starfsþjálfun fyrir þennan hóp, sbr. bréf frá forstjóra LSH, dags. 17. október 2006. Jafnframt beinir háskólaráð því til fjármálanefndar að hún taki tillit til aukins kostnaðar vegna þeirrar viðbótarkennslu sem af þessu hlýst í fjárhagsáætlun 2007. Þessi ákvörðun verði rækilega kynnt fyrir nemendum í hjúkrunarfræði og nauðsynlegar breytingar gerðar á reglum nr. 282/2006 um takmörkun á inntöku nemenda í tiltekna námsgreinar við Háskóla Íslands háskólaárið 2006-2007.

**2.2 Erindi frá umsækjanda um nám, sbr. síðasta fund.**

Þórdís Kristmundsdóttir, fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs, gerði f.h. starfshóps háskólaráðs grein fyrir tillögu starfshópsins að afgreiðslu ráðsins á erindi umsækjanda um nám, sbr. síðasta fund. Málið var rætt.

- Háskólaráð úrskurðar einróma, á grundvelli fyrirbyggjandi gagna málsins, að ekki séu forsendur til að verða við beiðni umsækjandans um nám. Umsækjandinn hefur ekki lokið stúdentsprófi og uppfyllir því ekki formleg inntökuskilyrði í hugvísindadeild. Í ljósi þess að háskólaráð samþykkti 26. janúar sl. að nýta ekki heimild til að veita undanþágur frá skilyrðum um formlegan undirbúning nýnema háskólaárið 2006-2007 er ekki um annan kost að ræða en að synja beiðninni.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 16.10.